







Grunnskólinn á
Ísafirði

Skólaárið 2022-2023

**Bekkjarnámskrá
5.bekkur**

Námstilhögun og kennsluaðstæður: Í árganginum eru 47 nemendur í tveimur bekkjardeildum, 5.JE og 5.SG. Heimastofur bekkjanna eru númer 111 (5.JE) og 109-110 (5.SG). Bekkirnir njóta stuðnings frá sérkennurum, þroskaþjálfra og er stuðningsfulltrúi í hvorum bekk fyrir sig.

Námsmat: Framkoma, ástundun, vinnubrögð, verkefni, vinnubækur, kannanir og próf eru metin til einkunna eftir bókstafakvarða A-B-C-D. Einnig er hæfni nemenda í einstökum þáttum metnir eftir litakvarða. Nemendur og foreldrar geta fylgst með framvindu námsins á www.mentor.is

 Framúrskarandi	A
 Hæfni náð	B
 Á góðri leið	C
 Hæfni ekki náð	D

ÍSLENSKA

- Kennarar:** Jón Ólafur Eiríksson og Salka Gústafsdóttir.
Sérkennari: Iwona María Samson.
Kennslustundir: Sex á viku.
Kennslufyrirkomulag: Nemendur vinna einstaklingslega og í hópum að margvíslegum viðfangsefnum íslenskunnar. Lögð er áhersla á skrift, lestur, stafsetningu, málfræði, ritun og framsögn í allri vinnu.

LESTUR

Markmið: Að nemendur

- þjálfist í að lesa margvíslega texta og vinna með þá á fjölbreyttan hátt.
- geti aflað sér upplýsinga úr rituðum heimildum.
- lesi að lágmarki 90 orð á mínútu að vori.

Námsefni: Orðspor I, Málrækt 1 Fyrsti smellur 1, Trunt, trunt og tröllin og ýmsar lestrarbækur að eigin vali.

Heimavinna: Nemendur eiga að lesa heima á hverjum degi og klára það sem ólokið er.

Námsmat: Lesfímipróf í september, janúar og maí. Þeir sem ekki hafa náð viðmiðum eru einnig prófaðir í nóvember og mars.

BÓKMENNTIR OG LJÓÐ

Markmið: Nemendur lesi fjölbreytt efni sér til fróðleiks og skemmtunar og þjálfist í að hlusta á upplestur. Þeir þekki til valdra íslenskra barnabókahöfunda. Ljóð lesin, lærð, skrifuð og flutt.

Námsefni: Orðspor 1, Fyrsti smellur 1, Ljóðspor og frjálislestrarbækur.

Námsmat: Lesskilningspróf að hausti og vori ásamt símati, sjálfsmati og könnunum.

SKRIFT

Markmið: Að nemendur skrifi áferðarfallega og læsilega tengiskrift, noti hana í vinnubækur og temji sér vandvirkni í hvívetna. Nemendur meta eigin skrift að hausti og vinna í að bæta hana jafnt og þétt yfir veturinn.

Námsefni: Skrifarbækur og æfingar.

Námsmat: Vinnubækur.

MÁLFRÆÐI, STAFSETNING OG RITUN

Markmið: Að nemendur

- þekki nafnorð, lýsingarorð, sagnorð og einkenni þeirra.

- Þjálfist í margs konar ritun: Eftir upplestri, útdráttum, eigin ritsmiðum og endursögn.
- Þjálfist í að nýta sér málfræðina til að stafsetja rétt.

Námsefni: Orðspor 1, Málrækt 1, ásamt öðru efni frá kennurum (t.d. málnotkunar- og fallbeygingarverkefni).

Námsmat: Símat, sjálfsmat og verkefnavinna.

STÆRÐFRÆÐI

Kennarar: Jón Ólafur Eiríksson og Salka Gústafsdóttir.
Sérkennarar: Iwona María Samson.
Kennslustundir: Sex á viku.

Kennslufyrirkomulag: Nemendur vinna samkvæmt áætlun við hæfi.

Markmið: Að nemendur:

- læri að beita stærðfræðilegri hugsun við lausn ýmissa viðfangsefna og æfist í að skýra niðurstöður sínar
- öðlist leikni í að nota grunnaðgerðir stærðfræðinnar, samlagningu, frádrátt, margföldun og deilingu
- læri að nota vasareikni sem hjálpargagn þegar það á við.

Námsefni: Stika 1a og 1b nemendabækur og æfingahefti, o.fl.

Námsmat: Símat yfir veturinn þar sem teknar eru kannanir eftir hvern námsþátt. Kannanir, próf og ástundun gilda til lokaeinkunnar.

SAMFÉLAGSFRÆÐI

Kennarar: Jón Ólafur Eiríksson og Bergljót Halldórsdóttir.

Kennslustundir: Fjórar á viku.

Markmið Að nemendur:

- geti nýtt sér landakort og kortabók.
- þekki helstu örnefni í heimabyggð.
- geri sér grein fyrir myndun og mótun landsins og þekki ýmis landfræðileg hugtök. □
þekki höfuðáttirnar fjórar, einn undirflokk þeirra og hvernig þær tengjast hring.
- þekki á Íslandskorti nöfn og legu landsfjórðunganna, stærstu þéttbýlisstaða, helstu jökla, ár, firði flóa og fjöll.
- þekki ýmsa þætti víkingatímans.
- kynnist aðdraganda að landnámi Íslands.
- þekki upphaf Íslandsbyggðar og kynnist daglegu lífi á landnámsöld.
- kynnist helstu trúarbrögðum heims, lífsviðhorfum og menningu sem tengjast þeim. □
þekki helstu hátíðir kristninnar, siði og tákni sem tengjast þeim.

Námsefni: Ísland – Hér búum við, lesbók og vinnubók, kortabók og myndbönd. Víkingaöld og Trúarbrögðin okkar.

Námsmat: Vinnubók, verkefni og vinna gilda til einkunnar.

NÁTTÚRUFRAEÐI

Kennarar: Guðlaugur Viðar Valdimarsson og Salka Gústafsdóttir.

Kennslustundir: Þrisvar á viku.

Markmið Að nemendur:

- kynnist skipulagðri rannsóknarvinnu
- geri tilraunir og skoði dæmi í nánasta umhverfi um ljós, speglun og endurvarp
- geri sér grein fyrir áhrifum rafnotkunar á samfélagið og geri tilraunir með rafhlöður og segla
- þekki áhrif sólar og tungls á jörðina
- þroski með sér virðingu, samkennd með lífi, náttúru og umhverfi
- skilji hvernig maðurinn er háður náttúrunni og hefur áhrif á hana
- geri sér grein fyrir einkennum lífvera og þekki hvaða eiginleikar auka lífslíkur þeirra.

Námsefni: Grænu skrefin, Blikur á lofti og verklegar æfingar í náttúrufræði fyrir 5. – 7. bekk, ýmsar handbækur, efni frá kennara og myndbönd.

Námsmat: Verkefni, vinnubók, sjálfsmat og ástundun eru metin til einkunnar.

LÍFSLEIKNI

Kennarar: Jón Ólafur Eiríksson og Salka Gústafsdóttir.

Kennslustundir: Tvisvar á viku.

Markmið Að nemendur:

- efli eigin sjálfsmynd
- þjálfist í mannlegum samskiptum og tillitssemi
- vinni gegn einelti og þekki eineltishringinn skv. Olweusaráætlun gegn einelti
- kynnist frekar Uppbyggingarstefnu, vinni með hlutverkin, þekki grunnþarfirnar og lífsgildi
- geti greint og lýst ýmsum tilfinningum
- séu meðvitaðir um gildi mannréttinda og jafnréttis
- geti tileinkað sér holla neysluhætti og svefnvenjur
- geri sér grein fyrir að mismunandi siðir og reglur gilda innan fjölskyldna án þess að það hafi áhrif á gagnkvæma virðingu og samkennd
- geti sett sér raunhæf markmið og unnið að þeim
- geri sér grein fyrir áhrifum fyrirmýnda

- öðlist færni í samvinnu, framkomu, að koma fram fyrir hóp og flytja mál sitt.

Námsgögn: Handbækur og annað efni um Uppbyggingarstefnu s.s. Verkfærakistan, Mitt og þitt hlutverk, Skýr mörk o.fl. Olweusaráætlun gegn einelti og annað efni frá kennurum.

Námstilhögun: Einstaklingsvinna, umræður, hópavinna og bekkjarfundir. Árshátíð skólans er stórt verkefni sem kemur inn á lífsleikniþjálfun nemenda.

Námsmat: Ekkert formlegt námsmat en símat og sjálfsmat.

ENSKA

Kennari: Jón Ólafur Eiríksson og Salka Gústafsdóttir.

Kennslutími: Tvisvar á viku.

Markmið: Að nemendur séu færir um að taka þátt í samskiptum innan kennslustofunnar og geti lesið einfaldan texta af margvíslegum toga.

Námsefni: Yes We Can og efni frá kennara. Aðaláhersla er lögð á orðaforða.

Námsmat: Próf á vorönn, vinnubók, sjálfsmat og ýmis verkefni.

UPPLÝSINGATÆKNI

Kennarar: Jón Ólafur Eiríksson og Salka Gústafsdóttir.

Kennslustundir: Ein kennslustund á viku.

Markmið: Að nemendur:

- fái þjálfun í að nota rétta fingrasetningu á lyklaborð tölvu og kunni á flesta sérlykla.
- þjálfist í meðferð og vistun skjala
- geti notað ritvinnslu-, töflureikni-, og glærugerðarforrit
- nemendur munu fá mikla þjálfun í að nota spjaldtölvur.

Námstilhögun: Tímarnir fara fram í tölvuveri skólans.

Námsgögn: Ritvinnsluforritið Microsoft Word og efni af netinu. Word verkefni fyrir krakka. Spjaldtölvur eftir áramót.

Námsmat: Tölvuverkefni og umgengni við vélbúnað í tölvuveri eru metin til lokaekunnar að vori.

ÍPRÓTTIR OG SUND

Kennarar

Íþróttir: Atli Freyr Rúnarsson og Sigríður Guðjónsdóttir

Sund: Atli Freyr Rúnarsson og Axel Sveinsson

Markmið: Nemendur þjálfist í undirstöðuatriðum helstu íþróttagreina og skilji mikilvægi íþróttar og heilsuræktar.

Námstilhögun: Árganginum er kennt öllum í einum hóp. 2 samliggjandi kennslustundir í íþróttum á viku. Kennt er í Íþróttahúsinu á Torfnesi. Sundkennsla fer fram í 3 hópum og fær hver hópur 1 kennslustund á viku.

Námsmat: Prófað er í lok skólaárs í samræmi við námsferil vetrarins. Auk þess er mæting, framkoma og virkni metin til einkunnar.

HÖNNUN OG SMÍÐI

Kennari: Jón Heimir Hreinsson

Námstilhögun: Hringekja og útikennsla. Í hringekju er hönnun og smíði kennd 7 skipti í 80 mínútur á haustönn og 8-9 í 80 mínútur skipti á vorönn. Útikennsla er tekin útfyrir hringekju í tvær vikur að hausti og tvær vikur að vori.

Námsefni: Vinnulýsingar frá kennara.

Markmið:

Hringekja

Að nemendur geti:

- Valið og notað á réttan hátt helstu verkfæri og mælitæki.
- Lesið einfalda teikningu, smíðað eftir henni og unnið eftir hönnunarferli frá hugmynd að lokaafurð.
- Hagnýtt leikni og þekkingu sem hann hefur öðlast til að takast á við fjölbreytt viðfangsefni.
- Sýnt ábyrga og örugga umgengni við vinnu og frágang á vinnusvæði.

Útikennsla

Að nemendur geti:

- Hagnýtt leikni og þekkingu sem hann hefur öðlast til að takast á við fjölbreytt viðfangsefni.
- Tekið tillit til annarra í hópavinnu og sýnt frumkvæði.
- Sýnt ábyrga og örugga umgengni við vinnu og frágang á vinnusvæði.

Námsmat: Hæfniviðmið metin við lok hvernar lotu. Lokaeinkunn byggist á símati kennara, metnum hæfniviðmiðum úr aðalnámskrá og sjálfsmati nemenda.

HEIMILISFRÆÐI

Kennari: Guðlaug Jónsdóttir og Elva Jóhanssdóttir

Námstilhögun: Hringekja. fjórar kennslustundir á viku fjórðung vetrar. Útikennsla fyrstu tvær vikur að hausti og vori. Áhersla á leiðsagnarnám.

Námsefni: Gott og gagnlegt. Uppskriftir og annað efni frá kennara.

Markmið í hringekju – að nemendur geti:

- Tjáð sig um heilbrigða lífshætti og tengsl þeirra við heilsufar.
- Farið eftir leiðbeiningum um hreinlæti og þrif tengdu heimilishaldi.
- Matreitt einfaldar og hollar máltíðir og nýtt hráefnið sem best.
- Unnið sjálfstætt eftir uppskriftum og notað til þess algengustu mæli- og eldhúsáhöld.
- Tjáð sig um ólíka siði og venjur, og þjóðlegar íslenskar hefðir í matargerð.

Markmið í útikennslu – að nemandi geti:

- hagnýtt leikni sem hann hefur öðlast til að takast á við fjölbreytt viðfangsefni.
- tekið tillit til annarra í hópvinnu og sýnt frumkvæði.
- sýnt ábyrga og örugga umgengni við vinnu og frágang á vinnusvæði

Námsmat: Símat - nemendur fá gefin tákni sem tengjast hæfniviðmiðum. Sjálfsmat nemenda. Lokaeinkunn í formi bókstafs gefin að vori.

MYNDMENNT

Kennari: Salka Gústafsdóttir

Kennslutilhögun: Hringekja. fjórar kennslustundir á viku fjórðung vetrar.

Markmið: Að nemendur geti:

- skapað myndverk í ýmsum tilgangi með margvíslegum aðferðum
- fjallað um eigin verk og annarra,
- skilið mismunandi tilgang myndlistar og hönnunar.
- unnið út frá kveikju við eigin listsköpun,
- þekkt og notað hugtök og heiti sem tengjast lögmálum og aðferðum verkefna hverju sinni,
- nýtt sér í eigin sköpun einfaldar útfærslur sem byggja á færni í meðferð lita- og formfræði og myndbyggingar,
- tjáð tilfinningar, skoðanir og hugmyndaheim sinn í myndverki á einfaldan hátt,
- skilið mismunandi tilgang myndlistar og hönnunar.
- skapað myndverk í ýmsum tilgangi með margvíslegum aðferðum
- útskýrt og sýnt vinnuferli sem felur í sér þróun frá hugmynd að myndverki,
- Útikennsla- skapað myndverk í ýmsum tilgangi með margvíslegum aðferðum, hagnýtt þá leikni sem hann hefur öðlast í einföldum verkefnum, sýnt frumkvæði í góðri umgengni og frágangi á vinnusvæði, tekið tillit til annarra í hópnum og sýnt frumkvæði.

Verkefni: Útikennsla, teikning, gagnrýni, fuglaverkefni, veggspjald, þrívídd, farvídd.

Námsmat: Markmið metin við lok hvernar lotu. Lokaeinkunn byggist á símati og sjálfsmati.

TEXTÍLMENNT

Kennari: Jón Ólafur Eiríksson

Kennslutími: Hringekja, fjórar kennslustundir á viku fjórðung vetrar.

Markmið:

- að æfa saman hug og hönd og kynnast ólíkum efnum og áherslum
- að njóta sköpunar um leið og einfaldar vinnuáðferðir og vandvirkni er þjálfuð
□ að efla sjálfstraust og sjálfstæði nemenda.

Námstilhögun: Kennt er í saumastofu á efri hæð nýja skólans. Hver hópur fær 36 tíma yfir veturinn.

Verkefni: Kennt er að fitja upp, prjóna slétt og brugðið með tveimur prjónum og fella af. Prjónaður ormur eða húfa og aamuð eru auðveld bútasamsstykki og flíshúfa í aukaverkefni.

Námsmat: Einkunn gefin að vori. Verkefni og vinnubrögð nemenda eru metin. Einnig er tekið tillit til framkomu nemenda, sjálfstæðra vinnubragða og virkni í tímum.

Valfög:

- **Borðspil** Nemendur læra á fjölbreytt úrval borðspila og æfa sig að spila sjálf. Dæmi um spil sem verður farið í eru Monopoly, Just One, Scotland Yard, HeckMeck og mörg fleiri. Kennari: Atli Freyr Rúnarsson.
- **FabLab** Nemendur nýti sitt eigið frumkvæði og sköpun og þjálfist í grunnþáttum þeirra forrita sem notuð eru í FabLab, t.d. Inkscape. Kennslan fer fram í FabLab smiðju á Torfnesi. Kennari: Sigurrós Eva Friðþjófsdóttir.
- **Frjálsar íþróttir** Nemendur fá tækifæri til þess að kynnast frjálsum íþróttum. Farið er í grunnatriði í stökkum, hlaupum og líkamsbeitingu, og leiki sem tengjast frjálsum íþróttum. Kennari: Axel Sveinsson.
- **Gettu betur** Námskeið sem á að auka almenna þekkingu nemenda. Spurningakeppnir, spurningaspil og almenn fræðsla, en þau fá einnig tækifæri á að dýpka þekkingu á sínu áhugasviði. Kennari: Jón Ólafur Eiríksson.
- **Grafísk hönnun** Kynning á grafískri hönnun og umbroti fyrir prentun ásamt myndvinnslu. Hönnuð logo, veggspjöld, bæklingar o.fl. Kennari: Jón Hallfreð Engilbertsson.
- **Hornstrandir og Jökulfirðir** Hvernig var lífið á Hornströndum og Jökulfjörðum hér áður fyrir? Hvað var þar og hvað er þar núna? Nemendur kynnast fólkinu, dýrunum, landinu, sjónum, draugum og galdramönnum!! Kennari: Jón Heimir Hreinsson.
- **Hvað er að fréttu?** Nemendur kynna sér lífið í bænum og gera fréttapætti. Þeir læra að vera gagnrýnir á gæði ýmissa upplýsinga og nýta hugbúnað og forrit s.s. iPad, IMovie og Green Screen við miðlun þekkingar á skapandi og skýran hátt. Kennari: Guðný Stefanía Stefánsdóttir.
- **Ísafjörður á myndum** Nemendur kynnast því hvernig Ísafjörður hefur breyst í gegnum tíðina. Skoðaðar verða gamlar myndir af húsum og myndefni sem tengist daglegu lífi bæjarbúa. Kennari: Guðlaugur Viðar Valdimarsson.
- **Ræktun, íslenskur matur og menning** Nýtt val á miðstigi þar sem viðfangsefnin eru valin í takt við árstíðir þannig að verkefni eru breytileg á milli hópa. Dæmi um verkefni: Ræktun matjurta - sáning, umhirða og uppskera. Matur úr náttúrunni - sveppir, ber, fjallagrös, jurtir. Íslensk/vestfirsk matarmenning - hveitikökur, rúgkökur, rúgbrauð, sláturgerð, kindakæfa, sviðasulta, sólarpönnukökur, jólin í gamla daga á Íslandi (laufabrauð, gamaldags sælgæti). Útivera, útiöldun - tímarnir ýmist í heimilisfræðistofu eða úti í náttúrunni eða á skólalóð. Kennari: Guðlaug Jónsdóttir.

- **Tæknilegó** Nemendur æfast í að nota tannhjól og gíra í hlutum sem þeir búa til og nýta eigið frumkvæði og sköpun. Lagt er upp með að hanna og byggja úr kubbum og kynnast frumþáttum véltækni. Kennari: Jón Hálfaldán Pétursson.
- **Verkleg vísindi** Nemendur fá að kafa dýpra ofan í viðfangsefni náttúruvísindanna og gera athuganir og tilraunir því tengdu. Kennari: Jóhanna Ása Einarsdóttir.
- **Eurovision** Nemendur kynnast söngvakeppninni og verður kafað jafnt í sögu hennar sem og í nýjustu keppni. Nemendur læra í leiðinni margt í landafræði Evrópu. Kennari: Jón Ólafur Eiríksson.
- **Gítar- og ukulele** samspil Kennnd eða rifjuð upp helstu gítar- og ukulele grip og æfð og spiluð nokkur þekkt lög. Þeir sem geta komið með hljóðfæri eru beðnir um að koma með slíkt, en við reynum annars að útvega hljóðfæri. Bæði fyrir byrjendur og lengra komna. Kennari: Jón Hallfréð Engilbertsson.
- **Heimspeki og siðfræði** Spjallað um allt milli himins og jarðar út frá heimspökilegum vangaveltum og spurt í leiðinni hvort hlutirnir séu siðferðislega réttir. Kennari: Jóhanna Ása Einarsdóttir.
- **Leður og roð** – föndur Nemendur ná tökum á að vinna með þau verkfæri sem notuð eru til að vinna með þessi hráefni og nýta eigið frumkvæði og sköpun. Gerðar verða t.d. lyklakippur, nælur, pyngjur, símahulstur, eyrnalokkar, hálsmen og hvað annað sem nemendum dettur í hug.
- **Lestur og hlustun** Lögð verður áhersla á að hlusta á eða lesa saman valda kafla í bókum eftir þekkt höfundu. Einnig verður hlustað á ýmis íslensk hlaðvörp, rætt um efnið sem þeim tengist. og búin til hlaðvörp. Kennari: Auður Yngvadóttir
- **Skák** Nemendur kynnast reglum skáklistarinnar, læra grunnatriði í áætlanagerð og taktík, einnig valdar byrjanir og einföld mátstef. Kennari: Guðlaugur Viðar Valdimarsson.
- **Skólahreysti** Markmiðið er að nemendur setji sér markmið og undirbúi þjálfun sem miðar að því, taki ábyrgð á eigin þjálfun og læri um upphitun, þol, kraft og hreyfifroska. Kennari: Axel Sveinsson.
- **Skrautskrift** Nemendur læra grunnatriði skrautskriftar og þjálfast í fjölbreyttri stafagerð. Kennari: María F. Lárusdóttir.
- **Skyndihjálp** – í samstarfi við Rauða krossinn Skyndihjálparnámskeið ætlað nemendum 6. og 7. bekk þar sem farið er í grunnatriði skyndihjálpar og nemendur öðlast lágmarksfærni í að veita slösudum eða veikum aðstoð í bráðatilfellum. Kennari: Iwona Samson.
- **Sphero forritun** Sphero er lítil forritunarleg kúla eða vélmenni sem nemendur læra að forrita. Markmiðið er að auka þekkingu og færni í forritun, röð aðgerða og samvinnu, og efla skapandi hugsun. Kennari: Helga S. Snorradóttir.
- **Tálgun og útskurður** Nemendur læra að nota tálguhnífa og útskurðajárn og tækni við tálgun og útskurð. Kennari: Jón Heimir Hreinsson.
- **Útivist og leikir** Markmiðið er að mæta þörf nemenda fyrir útivist og hreyfingu og efla félagslega færni. Skipulagðir verða leikir af ýmsu tagi og útivist í samræmi við veður. Kennari: Sigríður Guðjónsdóttir

Samskipti heimila og skóla

Kennarar bekkjarins eru ekki með fasta símatíma en hægt er að skilja eftir skilaboð hjá ritara og þeir hafa samband á viðverutíma kennara sem er mánudaga-fimmtudaga frá 8-16 og á föstudögum frá 8-14.

Auk þess geta foreldrar sent kennurum tölvupóst á eftirfarandi netföng:

Jón Ólafur Eiríksson jone@isafjordur.is

Salka Gústafsdóttir salkagu@isafjordur.is

Að sjálfsgöðu eru foreldrar ávallt velkomnir í skólann. Foreldradagar eru auglýstir á skóladagatali og verða áréttaðir í vikuáætlunum og á heimasíðu skólans <http://grisa.isafjordur.is>.

Allar upplýsingar er varða árganginn s.s. fréttir, hópaskipti o.fl. eru inni á Mentor einnig er hluti upplýsingagjafar inn á Facebook síðu árgangsins.